

Nr. 049 / 13 Auður SH 611**Vélarvana og dregin til hafnar**

Skipaskr.nr. 6110
Smíðaður: Hafnarfjörður 1979, plast
Stærð: 2,17 brl. 3,71 bt.
Mesta lengd: 7,55 m Skráð lengd: 7,33 m
Breidd: 2,23 m Dýpt: 0,70 m
Vél: Volvo Penta 26 kW, 1982
Fjöldi skipverja: 1

Gögn:
Gögn RNS



Auður©Jón Halldórsson

Málið afgreitt á fundi 18. október 2013 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 15. maí 2013 var Auður SH 611 á strandveiðum á Breiðafirði. Veður: Hægviðri.

Báturinn varð vélarvana um 3 sml. NV af Melrakkaey og óskað var eftir aðstoð. Það var Farsæll SH 30 sem dró Auði til hafnar í Grundarfirði.

Við rannsókn kom fram:

- að startarinn gaf sig og eyðilagðist. Sú tilgáta var sett fram að straumur hafi verið á spólunni og hann snúist með vélinni.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.